

Stjórnarfundur SÍK 23. ágúst 2016

Allir mættir. Ragnar las sálm 121. Sambæn.

1. Fundargerðir.

- a. Síðasti stjórnarfundur.
- b. Starfsmannafundur. Atriði tekin upp síðar á fundinum.

2. Starfssamningur við KSH.

- a. Ólafur Jón Magnússon verður starfsmaður í hálfu starfi fyrir KSH og sinnir ákveðnum verkefnum fyrir okkur sem slíkur. Kostnaður SÍK er um 100 þúsund á mánuði. Við vildum helst geta fengið hann í fullt starf hjá þessum hreyfingum að ári liðnu. Við viljum hvetja til að kristniboðsvinir bæti við reglubundnar gjafir sínar til að hægt sé að ná þessu markmiði. SÍK mun leggja inn hjá KSH sem gengur frá launagreiðslum.

3. Fjármál

- a. Gjafir einstaklinga og félaga hafa verið lægri en fyrri ár. Laun verða hærri í ár en í fyrra. Gámar hafa ekki verið að skila neinu enn, vonandi koma fljótlega tekjur af þeim. Athuga þarf að Sorpa hafi á hreinu samning SÍK við Sorpu um að skósöfnun sé fyrir SÍK. Merkja þarf gámana okkar. Staðan eftir hálf ár sýnir um 10 milljón króna halli og gæti orðið meira en tvöfalt meiri á ársgrundvelli ef ekki koma til meiri tekjur. Við hvetjum til fyrirbæna fyrir fjárhuginum og leita leiða til að afla meiri tekna og gefa meira. Átak þarf að gera í að fá fleiri fasta og reglubundna gefendur til að hækka framlögin.
- b. Menntunarsjóður/skólalastyrkjasjóður. Drög að starfsreglum samþykktar með smá breytingu um lengd skuldbindingar styrkþega o.fl. sem Ólafur leiðréttir og sendir aftur í endanlegri mynd.
- c. Beiðni um styrk til stólukaupa fyrir prest í Kenýu sendur til umsagnar Liljusjóðsnefndar.
- d. Önnur mál sem varða Liljusjóð tekin upp af sama.

4. Suður Ómó

- a. Stjórnin fékk í hendur skýrslu frá Ragnheiði Guðmundsdóttur um starfið í Ómó Rate. Karl Jónas og Ragnheiður komu á fundinn og gerðu grein fyrir dvöl þeirra í Epíópíu í Ómó Rate. Erfitt hefur verið að fá skýrslur um starfið í Ómó Rate undanfarin tvö ár. Peningar sem hafa verið millifærðir hafa ekki allir skilað sér til verkefnisins. Karl Jónas biður um að millifæra slíkt í framtíðinni gegnum Litteracy Office í Arba Minch/NLM AA. Skoða þarf hvernig þetta er gert upp sem hingað til hefur verið sent.
- b. Lestrarkennslan. Raggý greindi frá verkefninu. Í upphafi var svartsýni nokkur, en það breyttist við komu þeirra á staðinn. Peningaleysi mætti ekki hamla starfinu. Eftir umræður samþykktu þeir að það væri hægt að kenna áfram sem sjálfbóðaliðar. Raggý hélt kennaranámskeið og fékk kennarana til að æfa sig. Töflur voru útbúnar, fara þurfti gegnum kennsluefni sem til var. Framhaldsnámskeið voru tvö og að lokum var kennsluskýli útbúið handan árinna. 10 nemendur verða í Kapusia og 10 í Njimimeri. Lestrarkennslan heldur áfram og ef hægt er að fylgja þessu eftir til að sjá hvernig gengur án kristniboða með heimsókn Kalla næsta vor væri það gott. Fleiri lestrarbækur vantar. Gott er að kennarar geti haft samband og stuðning frá öðrum sem eru að kenna annars staðar. „Það gleyma okkur allir – nema þið. Ekki gleyma okkur,“ eru orð Daasenech fólks við kristniboðana. Lago vill starfa í Ómó Rate, hefur köllun til þess að predika og starfa þar áfram. Ef hægt væri að dekka hans stöðu gæti hann verið umsjónarmaður lestrarverkefnisins og boðunarstarf í Ómó Rate meðal Daasenech, þá væri það mjög gott. Það yrði um mitt sumar 2017 sem hann lýkur námi í Arba Minch. Hægt væri að stuðla að skólagöngu annars manns frá Ómó Rate með 500 birr framlagi á mánuði til að sjá farborða fjölskyldu hans (gegnum NLM/Hönnu Rasmussen). Suður Ómó verður líklega starfssvæði undir kirkjunni eftir skiptingu SWS. Ragnar fylgir eftir fjármálum gagnvart Liljusjóðnum. Þakklæti var komið á framfæri fyrir

tækifærið að fá að fara og eins frá SÍK fyrir að þau voru fús að fara og miðluðu fréttum. Ljóst er að hafa þyrfti einhverja eftirfylgd við starfið helst með fólki á staðnum.

5. Heimastarfið

- a. Ragnar gerði grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á miðvikudagssamkomum til að ná til útlendinga, ungs fólks o.fl. Tekið jákvætt í hugmyndirnar. Langtímahugsjónin er að allir verði alltaf saman. Þeir sem fyrir eru þurfa að taka vel á móti nýjum. Túlka þarf fyrir útlendinga t.d. ef hægt er að fá lánað túlkunargræjur hjá Salti ks.
- b. Fræðslukvöld á miðvikudögum (í stað Biblíuskóla) og hugsanlega umræðufund um starfið einu sinni í mánuði þar sem ræddir væru mismunandi þættir starfsins. Íslenskukennsla, föstudagsklúbbur og fjölskyldustarf heldur áfram svipað og áður. Mönnun íslenskukennslu kemur í ljós eftir þátttöku. Námsfni er fylgt. Margrét og Agnes eru hættar vegna veru erlendis.
- c. Útleiga kennslustofunnar á 2. hæð á miðvikudögum kl 11-18:30. Fræðslustundirnar þurfa að fara upp. Þetta getur hjálpað til við fjármögnun. Viljum láta reyna á þetta.
- d. Haustmarkaður verður 10. september. Sjálfboðaliðar hjálpa til við verðmerkingu og afgreiðslu og aðdrátt.
- e. Keith Reed stendur að styrktartónleikum fyrir skólasjónvarp Sat7 þann 11. sept. Það þarf að kynna þetta vel. Ókeypis aðgangur, en samskot. Nota facebook, fréttatilkynningar, Lindina frekar en keyptar auglýsingar. Nota sem minnst peninga, má kaupa facebook auglýsingar, hámark 30 þúsund.
- f. Sameiginlegur kynningarbæklingur Basarsins og Grensáskirkju? Hvað er í boði í hverfinu. Kynning á okkar starfi hér og Basarnum, Skórnir ganga aftur. Prentun er um 120 þúsund fyrir samanbrotið A3. Vinna áfram með þetta.
- g. Kristniboðsdagurinn 13. nóvember. Helga Vilborg beðin að predika. T.d. hjá sr. Pálma í Bústaðakirkju.
- h. Ferðastarfið. Ragnar gerði grein fyrir ferð Kalla norður og heimsókn frá m.a. Fjellheim í Noregi sem færu þangað e.t.v. og kristniboðsdegi þar og einnig að fara í heimsóknir austur á Hérað. Stykkishólmur, Vestmannaeyjar eru einnig staðir sem mætti heimsækja og efla þannig heimastarfið. Október eða síðar. Heimsóknir í fermingarfræðslu á höfuðborgarsvæði og í Vatnaskógi, Löngumýri og víðar um land ef hægt er.
- i. Loyara frá Kenýu kemur í heimsókn í kristniboðsviku.

6. Basarinn

- a. Breytingatillaga á starfsreglum basarnefndar 3. lið bæti við „... en stjórn SÍK hefur endanlegt ákvörðunarvald í málefnum Basarsins.“ Samþykkt.
- b. Rætt um mönnun Basarsins til að tryggja stöðuga viðveru. Stjórnin lýsir ánægju sinni með störf Önnu í sumar.

7. Næsti fundur 20. september kl 17:00

8. Önnur mál

- a. Grikklandsferð til kynningar á starfi Janet. Spyrjum hvort Haraldur og Margrét vilji taka þátt í þessu í framhaldi af veru þeirra í landinu. Ásta athugar einnig hvort hún kemst til Grikklands, a.m.k. hluta tímans.

Fundi lauk með bæn.